

**Nd.**

**492. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 467 við frumvarp til laga um sölu á prestsmötu.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Önnur breytingartillagan (við 4. gr.) orðist þannig:

Nú sannar eigandi prestsmötujarðar, að hún hafi spilst verulega og til langframa af náttúrunnar völdum, eða kúgildi, sem prestsmata er goldin af, sjeu fyrir löngu fallin, án þess að eiganda sje um að kenna, og er þá ráðherra heimilt að veita ívilnun, er svari til verðrýrnunar jarðarinnar, eða á prestsmötunni, sem svarar til kúgildafallsins, en bæta skal hlutaðeigandi presti upp þann tekjumissi, er af þessu leiðir.